

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um 2% hækkun lægstu launa hinn 1. desember 1979.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér að laun, sem voru lægri en 263 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu í nóvember 1979, muni að öllu óbreyttu hækka um 2% minna en hærri laun hinn 1. desember næstkomandi, þar sem þá komi til framkvæmda frádráttur frá verðbótum vegna viðskiptakjararýrnunar, sem frestað hafi verið frá 1. júní síðastliðnum með bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. Viðskiptakjarafrádráttur þessi á lægstu laun hafi upphaflega verið ákveðinn, þegar við því var búist, að úr verðbólgu drægi á árinu. Sú hafi ekki orðið raunin og beri því brýna nauðsyn til að rétta hag þeirra, sem lægst laun hafa. Til þess að ná þessu marki á sem einfaldastan hátt þurfi því að hækka lægstu launataxta um 2% frá og með 1. desember 1979.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Allir grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar 21.62% verðbætur í nóvember 1979 samkvæmt lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., skulu hækka um 2% hinn 1. desember 1979. Grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar samkvæmt fyrrgreindum lögum hærri verðbætur en 19.24% en lægri en 21.62% í nóvember 1979, skulu hækka hinn 1. desember 1979 sem svarar 0.84% fyrir hvert 1% sem verðbætur á þá voru hærri en 19.24%.

Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Benedikt Gröndal.*